

Ferðasaga AGM 2014.

Ég tók aðra stefnu en hinar íslensku stelpurnar. Ég fór út tæplega viku fyrr en hinar, þess vegna gat ég farið í skipulagða ferð á vegum AGM í Litháen. Með því að gera þetta svona fékk ég einstakt tækifæri að kynna Ladies Circle(LC) konum frá ýmsum löndum og að fá að ferðast með þeim í afslöppuðu umhverfi varð til þess að við urðum nokkuð nánar og fullar af bjartsýni þegar kom að ráðstefnu dögnum. Í upphafi ráðstefnunnar þekkti ég orðið mikið af stelpum allstaðar að úr heiminum og ég var sérstaklega vel tekin í landahópunum þeirra. Það var eins og þær áttu hvert bein í mér. Ég sé ekki eftir að hafa farið út svona snemma því þessi ferð um landið sem var sérstaklega fróðleg og skemmtileg. Ferðin tók 4 daga og 4 nætur. Við gistum á góðum hótélum og dagarnir fóru í rútuferðir hingað og þangað: t.d. skoðuðum við nokkra kastala meðfram fljóti áleiðis til Klaipeda sem er ein af stórum borgum í Litháen næst Eyrstrasaltinu. Við fórum á ýmsa staði í kringum borgina þar á meðal nornaslóðir að upplifa skemmtileg ævintýri. Að ógleymsdu fengum við fræðslu um sögu Amber steinsins í máli og myndum. Í ferðinni fræddumst við gríðalega mikið um land og þjóð, þeirra lifnaðahætti fyrr og nú. Það sem stóð upp úr var að landið var gríðarlega hreint og fagurt. Fólkið alveg sérstaklega almennilegt og kurteist. Ekkert stress var á götunum, fallett fólk bæði karlar og konur gengu yfir götur án þess að fara yfir á gangstéttum en bílanir flautu ekkert – allir voru svo afslappaðir og rólegir- engin æsingur var í fólkinu. Fólkið virtist mjög meðvitað að borða hollt því það virtist vera í fínu formi. Maturinn var hollur og góður. Enda voru ekki sjáanlegir margir skyndibitastaðir heldur voru veitingarstæðir með heimilismat.

Það sem var öðruvísi heldur en á AGM í Svíþjóð 2012 var heimapartýið sem ég fór í. Sökum þess hversu LC-stúlkur í Litháen voru langt að komnar, og voru fáar var ekki hægt að hafa nægilega mörg heimapartý og því nokkur heimapartý sameinuð og haldið á stórum veitingastað. Útværslan var góð hvernig þær redduðu þessu. Það sem mér fannst um sjálfan fundinn að hann var mjög vel skipulagður og bjartur. Sýningartaldið sást mjög vel þ.e. Myndbönd og annað sem fram fór á fundinum var mjög skýrt og gott að fylgjast með hvað fram fór á tjaldinu. Opnunarhádtín var vel útfærð, skruðgangan hefði mátt fara fram í sól og sumaryl en þær gleymdu að senda veðurguðunum skeyti. Opnunarpartýið um kvöldið var sérstaklega vel skipulagt- mjög rúmgóður staður – það var aldrei þröngt um mann- hægt var að valhoppa milli landahópa og gleðjast með hverjum einum þeirra, enda snérist ég eins og skopparakringla milli þeirra- endalaust gaman. Enda hvarf ég með þeim seinustu af vettfangi það kvöld.

Að lokum vil ég segja að ég er endalaust þakklát að hafa fengið að taka þátt í þessari gleði samkomu sem AGM býr yfir. Ég mun styðja í framtíðinni að fara í skipulagða ferð á vegum AGM þess lands sem heldur ráðstefnuna til þess að kynna bæði konum hvar sem er úr heiminum og landi þess sem ég heimsæki hverju sinni.

Með bestu kveðju

Hugrún Árnadóttir, LC2-skvísa.